

arinnar í Skaptártunguhreppi um að tjeður hreppur verði gjörður að sjerstakri manntalspinghá með pingstað að Flögu, veiti jeg hjermeð samþykki mitt til þess að Skaptártunguhreppur í Vestur-Skaptafellssýslu verði sjerstök manntalspinghá með pingstað að Flögu, þó með því skilyrði, að hreppsnefndin komi upp óaðfinnanlegu og rúmgóðu pinghúsi á Flögu og skuldbindi sig til að viðhalda því síðan.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir sýslumanninum í Skaptafellssýslu.

Brjef landshöfðingja til biskupsins um bráðabirgða-uppbót til prestakalla. — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, 24. f. m., vil jeg hjermeð fallast á, að eptirnefndum prestaköllum verði af fje því, sem ræðir um í 13. gr. b. 2. fjárlaganna fyrir árin 1888 og 1889, veitt bráðabirgðauppbót sú fyrir næstkomandi fardagaár, sem hjer segir :

1. Staður í Grindavík fái	300 kr.
2. Staður í Aðalvík —	600 —
3. Tjörn á Vatnsnesi —	300 —
4. Miðgarður í Grímsey —	400 —
5. Höfði —	100 —
6. Lundarbrekka —	300 —
7. Sauðlauksdalur —	250 —
8. Skarðsþing —	250 —

kr. 2.500

Þetta læt jeg eigi hjálða, að tilkynna yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, og skal jeg um leið geta þess, að jeg hefi í dag lagt fyrir landfógetann að greiða uppbótarfje þetta úr jarðabókarsjóði samkvæmt ráðgjafabrjefi 11. nóvbr. 1881 (Stjórnartíð. 1881 B. bls. 152.).

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um skilning á 3. gr. laga um verzlun og siglingar 7/11 1879. — Með brjefi, dags. 22. f. m., sem hingað hefur komið beina leið, hefur F. Jónsson á Ytri-bakka spurzt fyrir um, hvort hann sem sveitakaupmaður eigi hafi heimild til að neyta leyfis þess, sem þeim kaupmönnum, er reka fasta verzlun hjer á landi, er veitt með 3. gr. í lögum um breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi 7. nóvbr. 1879, að verzla á skipum hvar sem vera skal, með þeim einum skilyrðum, að fullnægja tollgreiðslu- og sóttvarnarlögum í einhverju löggiltu kaптúni og verzla eigi með áfenga drykki annarsstaðar en á löggiltum kaптúnum.

Útaf þessu skal jeg biðja yður, herra sýslumaður, að tilkynna spyrjandanum, að jeg verð að álíta, að heimild sú, sem um er rætt í 3. gr. ofanefndra laga, sje að eins veitt þeim, er reka fastar verzlanir þær, sem nefndar eru í 2. gr. sömu laga, þ. e. í kaupstöðum og löggiltum kaптúnum, en að heimild þessi nái ekki til þeirra, sem nefndir eru í 5. gr. laganna, sveitaverzluarmenn.